

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

ÚTLÁN
Bókasafn Orkustofnunar

HUGSANLEG VERKEFNI VID JARÐHITABORANIR

ARIÐ 1973

Okt. - 1972

16.10.72

Til eftirfarandi borana er reiknað með að veitt verði lán úr Orkusjóði af fjárlagafé 1973. Númer verka á verkefnalista yfir hugsanleg verkefni 1973 er í sviga

Áætl. kostn.

1	Varmahlið (A-1)	1.116 kkr
2	Þoroddsstaðir (A-4)	3.500 -
3	Laugagerðisskóli (A-5)	2.000 -
5	Blönduós (B-7)	2.000 -
6	Laugaland/Hólslaug (B-9)	2.500 -
7	Laugaland/Holtum (C-13)	1.500 -

Samtals 12.116 -

Lán úr Orkusjóði 40% af 12.116 kkr. = 5.040 kkr.

Til eftirfarandi borana er reiknað með að veitt verði lán úr Orkusjóði af framkvæmdafé 1973.

Áætl. kostn.

8	Flóaborun (B-8)	4.000 kkr.
9	Leirá (C-10)	3.000 -
10.	Hella (C-11)	1.000 -
11	Ölfusborgir (C-15)	1.500 -
12	Öndverðanes (C-18)	1.500 -
13	Ólafsvík (C-19)	1.000 -
14	Reykholt (C-23)	1.000 -

Samtals 13.000 -

Lán úr Orkusjóði 40% af 13.000 kkr = 5.200 kkr.

Um eftirfarandi verk er reiknað með að teknar verði ákvarðanir sérstaklega.

15	Keflavík (A-2)	10.000 kkr.
16	Álftanes (A-3)	9.000 -
17	Reykhólar (B-6)	5.000 -

Samtals 24.000 kkr.

13.10.72

Staða Orkusjóðs 1972

Eftirstöðvar jarðhitaleitarlána voru kr 2.906.000 þann 10.10.72.
Þessar eftirstöðvar ráðstafast á eftirfarandi hátt.

	Lán
1. Birtingaholt, Hrun. (Borun í gangi)	360 kkr
2. Neðri Dalur, Biskupst. (Hlé á borun)	360 "
3. Ólafsfjörður (Borun í gangi)	710 "
4. Kelduhverfi, N.-Þing. (Lokið, eftirst.)	66 "
5. NLFÍ, Hveragerði (Borun í gangi)	400 "
6. Grindavík, (Borun lokið, eftirst.)	310 "
7. Laugarbakki, Miðfirði (Borun lokið)	ca 400 "
8. Til vara	300 "
	<hr/>
Samtals	2,906 "

Auk þessara borana hefur verið borað í Varmahlíð í Skagafirði. Ákveðið var að veitt yndi lán úr Orkusjóði til þeirrar borunar á árinu 1973. Lánupphæð verður 445 kkr.

Verkefni árið 1973

A. Verkefni sem búið er að biðja um formlega.

	Áætl. kostnaður kkr
1. Varmahlíð, Skagafirði (Borun lokið)	1.116 "
2. Keflavíkurkaupstaður	10.000 "
3. Álftanes, Hafnarfjarðarkaupstaður	9.000 "
4. Þóróddsstaðir í Ölfusi	3.500 "
5. Laugagerðisskóli, Snæfellsnesi	2.000 "
	<hr/>
Samtals	25.616 kkr

B. Verkefni sem ekki hefur verið boðið formlega um, en vilji er fyrir.

	Áætl. kostnaður kkr
6. Reykhólar (þaravinnsla)	5.000 kkr
7. Blönduós	2.000 "
8. Flóahorun	4.000 "
9. Laugaland/Hólslaug, Eyjaf.	2.500 "
	<hr/>
Samtals	13.500 kkr

C. Verkefni í athugun, sem gætu komið til síðar.

	Áætlaður kostnaður kkr.
10. Leirá í Leirársveit v. Akraness	3.000 "
11. Hella, Rangárv.	1.000 "
12. Laugarvatn (Skólinn)	1.500 "
13. Laugaland í Holtum	1.500 "
14. Reykjaból, Hrunamannahr.	1.500 "
15. Ölfusborgir	1.500 "
16. Ölafsfjörður	2.000 "
17. Flúðir	1.000 "
18. Öndverðarnes	1.500 "
19. Ólafsvík	1.000 "
20. Litla - Fjarðarhorn	1.500 "
21. Öxnalækur	1.000 "
22. Arnes, Gnúpverjahreppi	1.000 "
23. Reykholt, Borgarfirði	1.000 "
24. Jata, Hrunamannahr.	1.500 "
25. Litli Dalur, Skegafirði	1.500 "
26. Sigríðarstaðir, Húnavatnssýslu	1.500 "
27. Reykholt, Biskupst.	3.000 "
	<hr/>
Samtals	27.500

Áætlaður kostnaður við jarðhitaboranir árið 1973 verður þá:

A. Verkefni, sem búið er að biðja um	25.616 kkr
B. Verkefni, sem vilji er fyrir	13.500 "
C. Verkefni í athugun	17.500 "
	<hr/>
Samtals	66.616 "

Skýringar varðandi tilgang og hagkvæmni borananna

A. Verkefni sem beðið hefur verið um formlega

1. Varmahlið.

Borað er til að afla aukins vatns vegna byggingar skóla og stækkunar byggðar. Borun hefur þegar verið framkvæmd.

Árangur, 16 l/s af 87°C heitu vatni.

Þörf, 6 til 8 l/s af 87°C heitu vatni.

2. Keflavíkurkaupstaður.

Borað í leit að heitu vatni vegna fyrirhugaðrar hitaveitu fyrir Keflavík og nágrenni.

Rannsóknarhola, boruð, áður en farið er út í hitaveituframkvæmdir frá Svartsengi.

Árangur óviss en gæti orðið svipaður og á Seltjarnarnesi og verður þá hitaveita þaðan hagkvæmari en frá Svartsengi jafnvel þó vatnið yrði salt.

3. Álftanes.

Borað í leit að heitu vatni fyrir hitaveitu til Hafnarfjarðar.

Rannsóknarhola, góðar líkur á árangri. Hitaveita þaðan er hagkvæmari en frá Krísvík.

4. Þóroddsstaðir.

Borað í leit að heitu vatni fyrir fiskeldsstöð (regnbogasilungur). Líkur á árangri góðar.

5. Laugagerðisskóli, Snæf.

Borað eftir heitu vatni fyrir heimavistaraskóla, Vatnspörf um 3 l/s af 70°C heitu vatni. Líkur á árangri góðar.

B. Verkefni vilji er fyrir

6. Reykhólar.

Borað eftir heitu vatni fyrir þang- og þaraverksmiðju.

Vatnspörf um 40 l/s til að byrja með, þar af hafa 20 l/s þegar fengizt. Líkur á árangri góðar.

7. Blönduós.

Borað eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Blönduós.
Vatnspörf um 20 l/s af 90°C heitu vatni. Árangur óviss,
en borað í hitasvæðið á Reykjum á Reykjabraut. Samkvæmt
áætlun Fjarhitunar er hagkvæmt að leiða vatn þaðan til
Blönduóss.

8. Flóaborun.

Borað í leit að heitu vatni til hitaveitna fyrir bæjarhverfi
nálægt Hraungerði og Villingaholti. Rannsóknarboranir,
árangur óviss. Þessi verk koma í stað borunar við Þorlákshöfn.

9. Laugaland/Kolslaug, Eyjaf.

Borað í leit að heitu vatni fyrir skóla, samkomuhús og bæjar-
hverfi. Árnagur óviss, en borað í hitaupstreymi. Vatnspörf
4-5 l/s af 70°C heitu vatni.

C. Verkefni í athugun

10. Leira í Leirársveit.

Borað í leit að heitu vatni til hitaveitu fyrir Akranes.
Vatnspörf um 50 l/s af 100°C heitu vatni. Árangur óviss, en
hagkvæmt að leiða vatnið frá Leirá.

11. Hella, Rangárvöllum.

Rannsóknarhola til könnunar á hita í bergi. Vatnspörf
hitaveitu fyrir Helli er um 10 l/s af 70°C heitu vatni.

12. Laugavatn.

Borað eftir viðbótarvatni fyrir hitaveitu.
Vatnspörf og hagkvæmni í athugun.
Líkur á árangri góðar.

13. Laugland í Holtum.

Borun eftir viðbótarvatni fyrir hitaveitu.
Vatnspörf um 2 l/s af 60°C heitu vatni.
Líkur á árangri góðar.

14. Reykjaból, Hrunamannahreppi.
Borun eftir viðbót á heitu vani fyrir hitaveitu og gróðurhúsarækt. Góðar líkur á að fá allmikið magn af yfir 100°C heitu vatni.
15. Ölfusborgir.
Dýpkun á 600 m holu í allt að 1200 m. til að afla gufu og vatns fyrir hitaveitu Ölfusborga, sem kæmi í stað hitaveitu frá Reykjum. Árangur óviss, en hitaveita frá þessari holu yrði hagkvæmari en sú sem nú starfar.
16. Ólafsfjörður.
Borun eftir viðbótarvatni fyrir hitaveituna.
Fer eftir árangri rannsóknarborunar, sem í gangi er hvort af þessari borun verður.
17. Flúðir.
Borað efrir viðbótarvatni fyrir hitaveituna. Líkur á árangri mjög góðar, en hugsanlega má fá mikið vatnsmagn fyrir hitaveituna á annan hátt en með borun nú.
18. Öndverðarnes.
Borun eftir heitu vatni fyrir hitaveitu til sumarbúða Myrarafélags Reykjavíkur.
Vatnspörf 4-5 l/s af 80°C heitu vatni.
Líkur á árangri góðar.
19. Ólafsvík.
Rannsóknarhola til könnunar á hita í bergi. Vatnspörf hitaveitu fyrir Ólafsvík og Hellissand um 20-25 l/s af 70°C heitu vatni.
20. Litla-Fjarðarhorn.
Borun eftir heitu vatni fyrir fyrirhugaðan skóla. Vatnspörf 2 l/s af 70°C heitu vatni. Árangur óviss, en borað í uppstreymi þar sem vænta má um eða yfir 80°C heits vatns.
21. Öxnækur.
Borað eftir volgu (12-14°C) vatni, sem nota má beint til fiskeldis. Árangur óviss. Gæti reynst hagkvæmara að leiða frárennslisvatn frá hitaveitu Hveragerðis.

22. Árnes, Gnúpverjahreppi.
Borun eftir heitu vatni fyrir félagshéimilið.
Mestar líkur á árangri ef borað er ílandi Þjórsárholts.
Hagkvæmni í athugun. Fallið hefur verið frá að bora eftir heitu vatni fyrir Árnes við Kálfá.
23. Reykholt, Borgarfirði.
Borun eftir viðbótarvatni fyrir hitaveitur staðarins. Líkur á árangri góðar, en þörf á aukinni samvinnu staðarmanna áður en farið er ~~xx~~ út í borun.
24. Jata, Hrunamannahreppi.
Borun eftir heitu vatni fyrir starfsemi Jötusystkina.
Árangur óviss.
25. Litli Dalur, Skagafirði.
Borun eftir heitu vatni fyrir þrjú býli.
Óvíst um árangur, vatnshiti um 50°C.
26. Sigríðarstaðir, Húnavatnssýslu.
Borun eftir heitu vatni fyrir fiskheldisstöð við Sigríðarstaðavatn. Borað í 80°C heitt vatnsuppstreymi. Líkur á árangri góðar. Áætlanir um eldisstöðina í undirbúningi.
27. Reykholt, Biskupstungum (Aratunga)
Borun eftir viðbótarvatni fyrir hitaveitu og gróðurhúsarækt. Fyrri borun mistókst, en líkur á árangri verða eftir sem áður að teljast góðar.